

Til forráðamanna í Álftanesskóla

Ágætu forráðamenn:

Á fundi með starfsmönnum í Álftanesskóla síðdegis í dag mánudaginn 9. janúar voru kynntar niðurstöður úr sýnatökum á skólahúsnæðinu vegna möguleika á mygluskemmdum á afmörkuðu svæði í Álftanesskóla. Í samræmi við þær aðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í hjá skólum bæjarins var ákveðið að fela Mannviti það að taka sýni til rannsókna.

Niðurstöður sýna að um er að ræða myglu í fyrrverandi starfsmannarými sem áður hýsti meðal annars vinnustofu kennara. Þar hefur undanfarið verið aðstaða skólahjúkrunarfræðings en önnur notkun hefur ekki verið í rýminu í um tvö ár. Rekja má mygluna til ytri klæðningar sem er aðeins á þessu svæði í skólanum.

Húsvörður skólans hefur nú lokað svæðinu til að tryggja að hægt sé að koma í veg fyrir smithættu fram á ganginn og í nærliggjandi rými.

Nemendur verða ekki fyrir áhrifum af þessum aðgerðum.

Öll húsgögn og munir í rýminu verða fjarlægð og sótthreinsuð með viðeigandi hætti. Til að gæta að fullu öryggi starfsfólks og nemenda mun verkfræðistofan Mannvit ráðast í frekari mælingar á nærliggjandi rýmum. Sýnataka mun fara fram í þessari viku og gert er ráð fyrir að niðurstöður þeirra mælinga liggi fyrir fljótlega.

Forráðamenn verða áfram upplýstir um stöðu mála en einnig er velkomið að hafa samband ef spurningar vakna er varða aðgerðir sem verður farið í á skólahúsnæðinu. Ekkert rask verður á skólastarfi vegna þessa.

Upplýsingar veita:

Anna María Skúladóttir, skólastjóri Álftanesskóla, annaskula@alftanesskoli.is

Edda Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri grunn- og tónlistarskóla, eddabsig@gardabaer.is

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, gudbjorgbra@gardabaer.is